

18. október 2017

## Fundargerð

### Umhverfisnefnd Brimvers-Æskukots

Annar fundur var haldinn á skólabókasafni BES á Stokkseyri.

Mætt: Bryndís, Hekla, Hreindís, Hugl, Ívan, Kolbrún, Steindór, Sölvi og Þorbergur.  
Starfsmenn leikskólans Elín og Eva, Viktoría verkefnastjóri og Hafdís  
bókasafnsvörður.

Í dag rifjuðum við upp hvað það þýðir að vera í umhverfisnefnd og hvernig maður framfylgir því í daglegu starfi og leik. Hvernig við göngum um umhverfið okkar bæði leikskólann og jörðina, og svo nærtækara dæmi: líkamann okkar, með því til dæmis hvað við borðum og hvort við hreyfum okkur ekki nóg og hvílumst nóg.

Lýðheilsa var tekin fyrir í dag, hvað það þýðir og hvað leikskólinn gerir, og hvað hann gæti gert til að stuðla að bættri lýðheilsu. Mörg skemmtileg svör komu frá börnunum og góð umræða myndaðist í hópnum. „Hjálpssemi“, „samvinna“ og „hreyfing“ kom fram í umræðu okkar. Einnig framkvæmdum við mat á lýðheilsu í leikskólanum okkar með því að svara gátlista frá Landvernd.

Enduðum á að lesa í bókinni *Kroppurinn er kraftaverk* og ræddum um það hversu ólíkir líkamarnir okkar eru og að við erum öll einstök. Einnig hversu mikilvægt það er að líða vel í eigin líkama og hugsa vel um hann.

Næsti fundur umhverfisnefndar verður haldinn miðvikudaginn 1. nóvember klukkan 10:40 á skólabókasafni BES á Stokkseyri. Foreldrar eru velkomnir á fundinn.